

	Verðtollur %	90 20. nóv.
Kafli nr. 84		
Íþróttatæki og fiskistengur í nr. 1 og 11	50	
Leikföng í nr. 2a, 2b og 2c	62	
Jólatrésskraut í nr. 6	92	
Kafli nr. 85		
Hnappar til fata í nr. 1	62	
Sjálfblekungar, skrúfblýantar og aðrar vörur í nr. 2	50	
Kveikjarar, reykjarpípur o. fl. í nr. 3a og 3b	50	

Nú ris ágreiningur um það, hvort tiltekin vara skuli vera með þeim verðtolti, sem að framan greinir, og sker þá fjármálaráðherra úr. Er sá úrskurður fullnaðarúrskurður í málinu.

3. gr.

Nú kemur það í ljós, að aðflutningsgjöld á innfluttri vöru, sem lög þessi taka til, eru lægri en aðflutningsgjöld á efnivöru í sams konar vöru framleidda innanlands, og er þá fjármálaráðherra heimilt að lækka gjöld á efnivörunni, ef verðmæti hennar er verulegur þáttur í kostnaðarverði innlendu iðnaðarvörunnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1962.

Gjört að Bessastöðum, 20. nóvember 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

Stjórnartíðindi 1961, A. 20.

AUGLÝSING

um fullgildingu á alþjóðasamningi um óreglubundnar flugferðir.

91

12. okt.

Hinn 25. september 1961 var fullgildingarskjal Íslands að alþjóðasamningi um óreglubundnar flugferðir, sem undirritað var fyrir Íslands hönd í París hinn 30. apríl 1956, afhent alþjóðaflugmálastofnuninni í Montreal.

Samningurinn gengur í gildi að því er Ísland varðar hinn 25. desember 1961, samkvæmt 6. grein samningsins.

Önnur aðildarríki að samningi þessum eru Austurríki, Belgía, Danmörk, Frakkland, Sambandslýðveldið Þýskaland, Finnland, Grikkland, Írland, Ítalía, Luxembourg, Holland, Noregur, Portúgal, Spánn, Svíþjóð, Tyrkland og Stóra Bretland.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 12. október 1961

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.